

# Hafnasjóður Norðurlands

Ársskýrsla vegna ársins  
2024



NORDURLANDS  
HAFNIR




## Starfsemin á árinu


Á árinu 2024 voru mikil umsvif hjá Höfnum Norðurþings. Skipakomur voru alls 140 á árinu sem skiptist þannig að samtals komu 91 flutningaskip og 49 skemmtiferðaskip með alls 12.040 farþega.




Eimskip siglir til Húsavíkur og hefur þar vikulega viðkomu. Einnig er talsvert af skipum sem koma beint á vegum PCC- BakkiSilicon en verksmiðjan var á fullum afköstum mest allt árið 2024. Aukning á fluttu magni í tonnum frá fyrra ári var 87%.



Fjögur fyrirtæki buðu uppá í hvalaskoðunarferðir frá Húsavík á árinu 2024. Alls fóru 112.666 manns í hvalaskoðunarferðir frá Húsavík sem er um 15% samdráttur frá fyrra ári. Árið 2023 var lang stærsta árið og mun betra en meðaltal árana fyrir covid-19.



Alls var um 4.608 tonnum af bolfiski landað hjá höfnum Norðurþings á árinu 2024 sem er heldur minna magn en árið á undan.



## Rekstur hafnasjóðs


### Rekstrartekjur

Heildartekjur Hafnasjóðs voru 398,5 m.kr á árinu 2024 á móti 291 m.kr árið áður, áætlun gerði ráð fyrir að tekjur yrðu um 352 m.kr á árinu. Vöru og skipagjöld hækkuðu um 92 m.kr á milli ára sem helgast af því að PCC Bakkasilicon hf. var á fullum afköstum mest allt árið 2024.

Tekjur af fiskiskipum voru 34,4 m.kr á móti 31 m.kr árið áður.

Tekjur af skemmtiferðaskipum voru 80 m.kr á árinu á móti 62 m.kr árið áður sem er veruleg aukning á milli ára.

Tekjur af ferða- og skemmtibátum voru 38 m.kr á árinu og standa í stað á milli ára..



## Rekstrargjöld


Laun og launatengd gjöld voru 122 m.kr á árinu á móti 104 m.kr árið áður. Sú hækkun skýrist m.a. að því að Hafnarsjóður var með dráttarbát frá Hafnarsamlagi Norðurlands í rekstri yfir sumarið alls í 4 mánuði á árinu 2024, einnig var umfang starfsemi mun meiri en árið á undan. Stöðugildi voru að meðaltali 5,2 yfir árið. Annar rekstrarkostnaður var 112 m.kr og hækkaði um 27 m.kr á milli ára. Afskriftir voru 82 m.kr á móti 77 m.kr árið áður.

- Hagnaður af rekstri fyrir fjármagnsgjöld var 82 m.kr á móti 25 m.kr árið áður.
- Fjármagnsgjöldin voru 108 m.kr á árinu samanborðið við 158 m.kr á árinu áður.
- Tap ársins var 27 m.kr en var áætlað 156 m.kr. Engu að síður 107 m.kr betri niðurstaða en á síðasta ári og eins og fyrr segir er það aukning í vöru og skipagjöldum sem bætir reksturinn.

## Langtímaskuldir og skuldbindingar

Í árslok 2024 námu langtímaskuldir og skuldbindingar Hafnarsjóðs 2.009 m.kr og hækka um 52 m.kr á milli ára sem eingöngu er hækkun vegna fjármagnsgjalda.

Vegna uppbyggingar atvinnusvæðis í landi Bakka í Norðurlandsgerði Hafnarsjóður Norðurlands verksamninga um frekari uppbyggingu og endurbætur Húsavíkurhafnar, sem lauk á árinu 2018. Til að fjármagna þessa og frekari uppbyggingu og endurbætur gerði Hafnarsjóður Norðurlands samning við Ríkissjóð Íslands um framlög til hafnarframkvæmda við Húsavíkurhöfn með það að markmiði að fjármagna uppbyggingu innviða vegna uppbyggingar atvinnusvæðisins í landi Bakka í Norðurlandsgerði og er þessi fjármögnun, samtals að fjárhæð um 1.185 m.kr í árslok 2024, færð meðal annarra langtímaskulda í bókum sjóðsins.



## Eigið fé og skuldir

Eignir Hafnarsjóðs eru 1.161 m.kr og eigið fé því neikvætt um 904 m.kr. Hafnir Norðurlands eru viðlagatryggðar fyrir 3.984 m.kr.

## Höfnin á Kópaskeri



Heildartekjur hafnarinnar á Kópaskeri voru 2,1 m.kr á árinu 2024, tekjur koma eingöngu frá strandveiði og gráleppu löndunum. Ekki er um aðrar þjónustutekjur að ræða á Kópaskeri.

Hlutastarf er við höfnina á Kópaskeri.

Vandamál hefur verið vegna mikils sandburðar inn í höfnina og erfitt að fá fjármagn til framkvæmda frá ríkinu. Brugðist hefur við vandanum með því að moka upp sandinum með gröfu einu sinni á ári þannig að hún lokist ekki.

Unnið hefur verið að því að fá skemmtiferðaskip af þeirri stærð sem hentar fyrir Kópasker og er það hluti af þeirri vinnu sem Húsavíkurstofa er að vinna að fyrir Hafnasjóð Norðurlandshafnarinn.

## Höfnin á Raufarhöfn



Heildartekjur hafnarinnar á Raufarhöfn voru 13,1 m.kr á árinu 2024. Þar rekur GPG- fiskverkun öfluga fiskvinnslu og töluvert er einnig landað á strandveiðum yfir sumarið og á grásleppu á vorin.

Eitt stöðugildi er við höfnina á Raufarhöfn.

Unnið hefur verið að því að fá skemmtiferðaskip af þeirri stærð sem hentar fyrir Raufarhöfn og er það hluti af þeirri vinnu sem Húsavíkurstofa er að vinna að fyrir Hafnasjóð Norðurþings.

## Helstu framkvæmdir 2024



Ný flotbryggja 60 metra löng og 4 metra breið var tekin í notkun 7. júní sl. og bætir aðstöðu í Húsavíkurhöfn til muna. Nýja bryggjan kemur í stað eldri bryggju sem verður færð til innan Hafna Norðurþings.



Í byrjun júlí var malbikaður göngustígur meðfram grjótgarðinum á landfyllingunni í Norðurhöfn á Húsavík. Einnig komið fyrir flotbryggju sunnan við aðstöðu hafna og slökkviliðs fyrir aðkomu léttabáta úr skemmtiferðaskipum sem liggja við akkeri utan við höfnina. Þessar framkvæmdir eru til að bæta aðgengi farþega skemmtiferðaskipa en komu þeirra hefur fjölgað til Húsavíkurhafnar.

## Horfur til framtíðar

### Samgönguáætlun

#### Neðangreindar framkvæmdir eru á núgildandi samgönguáætlun 2024- 2028.

Þvergarður á Húsavík, áætlaðar á samgönguáætlun 375 m.kr til endurbyggingar á stálþili og þekju. Framkvæmdatími 2024-2027 og hlutdeild ríkisins 75% af heild.

Þvergarður á Húsavík, áætlaðar á samgönguáætlun 165 m.kr til lengingar á stálþili um 50 metra, Framkvæmdatími hugsanlega 2024 og er hlutdeild ríkisins 60% af heild.

Þvergarður á Húsavík, áætlaðar á samgönguáætlun til dýpkunar 20.000 m<sup>3</sup> og þilskurðar 315 m.kr. Framkvæmdatími 2025- 2027 og er hlutdeild ríkisins 60% af heild.

Dráttarbátur 30 tonn áætlaðar á samgönguáætlun 320 m.kr á árinu 2024 og er hlutdeild ríkisins 60%. Endurbygging Hafskipabryggja á Raufarhöfn, samtals eru 160 m.kr á áætlun. Framkvæmdatími 2027 og 2028, heildarkostnaður við verkið var metin á 240 m.kr og er hlutdeild ríkisins 75% af heild.

### Rekstur

Rekstur Hafnasjóðs Norðurlþings veltur að miklu leyti á vöru- og skipagjöldum. Því er gríðarlega mikilvægt fyrir sjóðinn að framleiðsla sé stöðug hjá PCC- Bakkasilicon og að sú framleiðslugeta sem til staðar er í dag sé fullnýtt. Einnig er mjög mikilvægt að verksmiðja PCC- Bakkasilicon verði stækkuð, eins og áform voru uppi um þegar farið var í framkvæmdir við hafnarmannvirki á sínum tíma samhliða byggingu verksmiðjunnar.

Frekari atvinnuuppbygging á svæðinu við Bakka er mikilvæg fyrir höfnina til framtíðar og verið er að vinna úr tækifærum sem þar hafa skapast. Bæði til að klára þá uppbyggingu sem hafin er og viðhalda henni, en ekki síður til frekari uppbyggingar í tengslum við ný atvinnutækifæri.

Landaður sjávarafli á höfnunum hefur haldið í horfinu síðustu ár og mikilvægt að ekki dragi frekar úr lönduðum afla. Helst þarf að verða aukning þar á t.d. með auknum strandveiðum.

Ekki er hægt að ætla annað en frekari aukning verði í komu ferðamanna á svæðinu sem skilar sér í meiri umferð um höfnina og frekari þjónustutekjum fyrir hafnirnar.

Komur skemmtiferðaskipa til hafna Norðurlþings hafa aukist verulega eftir covid- faraldurinn, en teikn eru á lofti þar vegna innviðagjalds sem sett var á um síðustu áramót. Gjaldið eykur kostnað þeirra skipa sem velja að koma til Íslands verulega.

Hafnastjórn hefur gert samkomulag við Húsavíkurstofu um að markaðsetja hafnir Norðurlþings og þá sérstaklega fyrir skip og skipagerðir sem henta okkar höfnum. Hafnastjórn hefur miklar væntingar til þess að vinnan skili sér í töluvert í aukinni komu skemmtiferðaskipa á næstu árum.

f.h. Stjórnar Hafnasjóðs Norðurlþings



